

Skógarvörðurinn á Vöglum.

STARFSSKÝRSLA FYRIR ÁRIÐ 1971.

Ísleifur Sumarliðason.

Starfsskýrsla skógarvarðarins á Vöglum fyrir árið 1971.

.....

I. Veðurfar ársins.

I janúar var frostharka en snjólétt. Norðaustan-
átt var tíðust að tiltölu. Meðalsnjódýpt var 15 cm., mest
30 cm.

Hámark hita mældist 7.0 stig 13. jan., en lágmark -23.4
stig þann 4. s. m.

I febrúar var snjólétt og lítil frost og tíðarfarir
lengst af hagstætt, þó einkum óhagstætt um miðvik mánað-
arins.

Meðalsnjódýpt var 27 cm., mest 50 cm. Hámark hita
mældist 8.5 stig þann 8., lágmark -17.6 stig 18. febr.

I marz var tíðarfarir hagstætt, snjólétt en breytileg
átt, norðanátt þó tíðust að tiltölu.

Meðalsnjódýpt var 26 cm., mest 50 cm.

Hámark hita mældist 9.9 stig 6. marz, en lágmark
-16.2 stig þann 9. s. m.

I apríl var tíðarfarir hagstætt og snjólítið. Yfir-
leitt var suðlæg átt tíðust.

Meðalsnjódýpt var 21 cm., mest 50 cm.

Hámark hita mældist 10.0 stig 30. apríl og -14.8
stig 7. s. m.

I maí var tíðarfarir hagstætt. Gróður kom nokkuð
snemma og gekk sauðburður vel hjá bandum. Suðaustan-
átt var tíðust að tiltölu í mánuðinum.

Snjódýpt mældist ekki í mánuðinum. Hámark hita
mældist 15.3 stig 31., en lágmark -3.3 stig þann 28.

I júní var tíðarfarir fremur óhagstætt gróðri, kalt
og þurrviðrasamt. Fyrstu sex daga mánaðarins var suð-
læg átt, hlytt og gott veðurfar, síðan breytileg átt
og kalt á köflum.

Hámark hita mældist 22.0 stig 4. júní, lágmark -1.8
stig þann 11. s. m.

Í júlí var nokkuð breytileg átt. Talsverð úrkoma mældist dagana 1. - 15. nema 6. og 7., en eftir miðjan mánuðinn mældist aðeins tvisvar sinnum úrkoma.

Sláttur hófst hér almennt um og upp úr 16. júlí.

Hámark hita mældist 20.0 stig þann 17., en lágmark 0.3 stig þann 25. s. m.

Frost mældist fjórum sinnum á lágmarksmáli við jörð, mest -1.9 stig þann 25. s. m.

Í ágúst var tíðarfarirð heldur hagstætt, þó hiti væri undir meðallagi.

Norðan áklauf gerði seint í mánuðinum og varð Vaðlaheiðheiði ófar þann 27. ágúst. Fjárskapur urðu miklir í þessu veðri, sérstaklega á norð-austurlandi.

Hámark hita mældist 20.8 stig þann 15., en lágmark -1.6 stig þann 13. og 29. s. m.

Frost mældist sjö sinnum á lágmarksmáli við jörð.

Í september var samibegt tíðarfar, hiti var þó undir meðallagi. Suðlæg átt var tíðust að tiltölu.

Hámark hita mældist 15.1 stig þann 5. september, en lágmark -5.8 stig þann 23. s. m.

Skógurinn byrjaði gulna í byrjun mánaðarins og var lauflaus í lok mánaðarins og er það óvenju seint.

Frost mældist tíu sinnum á lágmarksmáli við jörð.

Í október var tíðarfar fremur hagstætt, en frekar umhleyppingasamt. Suðlæg átt var tíðust.

Hámark hita mældist 13.7 stig þann 27., en lágmark -12.2 stig 14. s. m.

Í nóvember var kalt en snjólítið og breytileg átt.

Hámark hita mældist 12.8 stig þann 24. en lágmark -16.5 stig þann 20. s. m.

Í desember var fremur snjólétt og var suðlæg átt tíðust að tiltölu.

Hámark hita mældist 9.5 stig þann 31. desember, en lágmark -18.7 stig 2. s. m.

Hita-og úrkomumælingar á Vöglum árið 1971.

	<u>Vik frá meðall.</u>	<u>Meðalhitic^o</u>	<u>Úrkoma mm.</u>
Janúar	-4.7	-7.7 (-3.1)	56.6 (77.1)
Febrúar	0.8	-2.3 (-6.2)	54.9 (58.6)
Marz	0.2	-1.7 (-5.9)	69.4 (96.0)
Apríl	0.7	0.6 (-1.0)	76.0 (20.7)
Mai	0.6	5.7 (4.3)	35.6 (16.1)
Júní	-0.7	8.0 (10.5)	18.8 (9.1)
Júlí	0.1	10.2 (7.0)	30.0 (55.0)
Ágúst	-0.9	8.4 (8.8)	79.0 (46.2)
September	-0.6	5.8 (4.4)	56.0 (53.2)
Október	-0.7	1.3 (0.7)	65.0 (84.0)
Nóvember	-2.3	-2.7 (-3.2)	92.0 (96.3)
Desember	-1.1	-3.4 (-1.7)	81.0 (72.2)
Árið		1.9 (1.2)	714.3 (685.0)

Tölurnar í svigum gefa til kynna hita og úrkomu ársins 1970.

2. VÖXTUR OG ÞRIF TRJÁGRÓÐURS.

a. Laufgun og lauffall.

Lerki, kvæmi Arkangelsk, byrjaði að litkast 12. maí og brum á birki að þrútna.

Algrænt var lerkið 31. maí og birkiskóguronn var að litkast, en grænn var hann yfir að líta 3. júní.

Birkiskógurinn byrjaði að gulna 3. september, lauffall hófst 15. september og 28. s. m. var skógurinn að mestu lauflaus.

b. Vöxtur.

Vöxtur var með lélegasta móti, sérstaklega á barrplöntum og í tapu meðallagi á birki og öðrum laugplöntum.

c. Fræfall.

Talsvert fræfall var á birki í haust og var safnað um 20 kg. af fræi.

Var mikill munur að sjá hve margfalt meira fræ var á birkiskóginum á Hallormsstað en hér og hefi ég aldrei séð eins mikið framagn og þar s. l. haust.

Allmiklu magni var safnað af lúpínufræi hér í skóginum og gróðrarstöðinni og verður því dreift aðallega úti á Hálsmelum á land þar sem grasfræi hefur verið sáð og viðár þar sem aðstæður eru heppilegar.

d. Skaðar á trjám.

Engir skaðar urðu á trjágróðri hér í skóginum nema lítillsháttar á rauðgreni í gróðrarstöðinni.

Rauðgrenið á afar erfitt uppdráttar hér bæði vegna vatnskorts og tíðra naturfrosta, en ekki sá frekar skemmdir á því hér í skóginum í sumar.

3. STARFSFÓLK.

Meðfylgjandi tafla sýnir fjölda starfsfólks í hverjum mánuði, svo og kaupgreiðslur. Ákvæðisvinna er nú talin með í vinnustundafjölda.

Starfsfólk Skógræktar ríkisins, Vöglum, árið 1971.

<u>Mánuður</u>	<u>Fjöldi.</u>	<u>Vinnust.</u>	<u>Laun kr.</u>
Janúar	1	29	2.731.00
Febrúar	2	132	12.858.00
Marz	5	272	27.346.50
Apríl	3	159	15.198.50
Mái	20	1853	151.124.60
Júní	24	3337	311.909.00
Júlí	20	2840	259.247.60
Ágúst	20	2157	195.630.00
September	15	1637	158.808.00
Október	11	962	93.355.00
Nóvember	6	327	31.640.00
Desember	7	170	15.579.00
<u>Alls</u>		<u>13.875</u>	<u>1.275.428.10</u>

Skipting vinnulauna)	Dagvinna:
	12.331 vst. 1.057.501.10
	Ákv.v.
	329 - 45.005.40
	Eftirv.
	1.042 - 125.495.70
	Nv.& Hdv.
	173 - 26.645.90
	Fæðispen. <u>20.780.00</u>
	<u>Alls kr: 1.275.428.10</u>

Af þessu greitt til íbúa Hálshrepps kr. 1.080.420.00
Í Vagli fluttist Ragnar Guðmundsson, ásamt konu og tveim dætrum þeirra, en áður voru þau búsett að Arnarstöðum, Bærðardal. Fékk hann jörðina leigða til tveggja ára og tryggða vinnu ákv. tímabil á ári.

Ráðskona var Guðrún Jónsdóttir, í forföllum hennar Sigurlaug Jónsdóttir og Marselína Hermannsdóttir.

Skógarvörður annaðist alla verkstjórn í gróðrarstöð, við skógarhögg, gróðursetningu og önnur störf, ásamt framkvæmdum Skógræktarfélags S.-Þingeyinga.

4. G I R D I N G A R.

B. Viðhald girðinga.

Viðhaldskostnaður, (efni, birkistaurar), eftirlit og smölun var sem hér greinir:

	<u>Viðhaldskostnaður</u>	<u>Staurar</u>	<u>Eftirl.& smöl.</u>
Vaglagirðing..... kr.	5.510.00	2.340.00	415.00
Þórðarstaðagirð.. -	44.555.00	2.440.00	6.039.00
Sigríðarstaðag... -	3.420.00		2.378.00
Meða-og Stórh.g.. -	12.160.00	1.620.00	3.960.00
Sandhaugagirðing. -	2.090.00	680.00	4.740.00
Fellsskógargirð.. -	1.463.00		
Alls kr.	69.198.00	6.480.00	17.532.00

Í Vaglagirðinguna var bætt 40 staurum 6 feta og 20 5 feta. Ekki komst það enn í framkvæmd að laga girðinguna að sunnan, vegna annríkis. Reynt var að laga ristina á aðalhlíði að sunnan en án verulegs árangurs, því féð hefur komist upp á lagið með að stikla yfir.

Eins og sjá má að ofan, þá er mesti kostnaðurinn við viðhald girðingarinnar um Þórðarstaðaskóg, enda var aldrei gert við hana á fjallinu 1970. Var nú girðingin girt þar upp á tveggja kílómetra kafla og færð á betri stað. Var notað efni úr gömlu girðingunni um gróðrarstöðina, þ. e. a. s. gaddavír og járnstaurar. Auk þess var bætt í girðinguna 60 birkistaurum, 5 og 6 feta, til helminga.

Í Melagirðinguna var bætt 30 staurum 5 feta og í Sandhaugagirðinguna 20 staurum 5 feta.

Ekki er því að leynd að gera þyrfti allmiklar endurbætur á flestum girðingum Skógræktarinnar hér í sýslunni og sýmar þyrfti að girða upp með öllu, eins og t. d. Melagirðinguna.

Áskælegt væri að geta tekið fyrir ákveðinn hluta á ári hér eftir, svo að ekki þyrfti að stórfelldar endurbætur í einu.

5. SKÓGARHÖGG.

Tafla yfir skógarhögg og viðarsölu 1971, gefur til kynna að seldar og afhentar voru viðarafurðir fyrir kr. 386.848.00. Viðarbirgðir jukust um kr. 26.200.00, alls kr. 413.048.00. Þar af til eigin nota fyrir kr. 21.880.00 og jólatré fyrir kr. 24.750.00. Voru það 124 stk. tekin úr Vaglaskógi og 10 stk. úr Sigríðarstaðaskógi.

Vinnulaun við skógarhögg voru kr. 174.864.00 og við eldivið við og staura kr. 198.359.00, alls kr. 373.223.00

Skógarhögg og viðarsala á Vöglum 1971.

	<u>Staurar</u> <u>4 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>5 feta</u>	<u>Staurar</u> <u>6 feta</u>	<u>Eldiv.</u> <u>tonn</u>	<u>Efniv.</u> <u>tonn</u>	<u>Krónur.</u> <u>Samtals</u>
Sala 1971	200	1471	1548	135.32		364.968.00
S. r. Vöglum		100	70	10.00		21.880.00
Birgðir Vöglum		1000	1200	10.00	3.00	68.500.00
" Þórðarst.	200			3.00		4.200.00
	200	2571	2818	158.32	3.00	459.548.00
Birgðir 1970	100	800	700	10.00	3.00	46.500.00
Högg 1971	100	1771	2118	148.32	0.00	413.048.00
Tonn	0.15	7.08	13.77	148.32	-	169.32

Úr Sigríðarstaðaskógi komu 11.0 tonn úr Þórðarstaðaskógi 50.7 tonn og úr Vaglaskógi 86.6 tonn, viðar.

Fúavarðir voru um 2700 staurar og er nú svo komið að aðeins voru seldir um 10% af staurum ófúavarðir.

Skógarhögg og viðarsala jókst mjög og var það fyrst og fremst vegna þess að Niðursuða K. Jónsson og Co. á Akureyri keyptu nú 112 tonn af viði.

Hvort framhald verður á sölu þangað í ár er ennþá óvíst, en æskilegt væri að eiga a. m. k. 50 tonn af viði niðursagað, til þess að koma í geg fyrir svo stórar sveiflur í skógarhögginu.

Í Vaglaskógi var höggvið í mættum nr. 501, 504 og í efri hlutum reita nr. 213, 214, 215 og svæði þar ofan við, milli Kúalágar og Góðulágar, áður ágrísjað.

Í Þórðarstaðskógi var lokið við að hreinsa til í svo-nefndri Snjótungu eftir snjóflóði 1970. Þá var einnig haldið áfram grísjun þar sem áður var búið að gróðursetja.

Í Sigríðarstaðaskógi var grísjað um 1.5 ha svæði frá hliðinu og vestur frá því.

6. GRÓÐRARSTÖÐ.

a. Nývirki og umbætur.

Engar umbætur eða nývirki voru gerð á árinu.

b. Fræplöntur.

Sáð var í gróðurhúsið 12. maí og öðrum sáningum lauk að mestu 20. s. m.

Sáningar í gróðurhúsinu tókust mjög vel og var bikið 30 - 50 cm. á hæð, lérkið um 12 - 18 cm.

Aðrar sáningar tókust nokkuð vel, nema hvítgreni, sem spíraði illa.

Sáð var 7.89 kg. í 444 m².

c. Dreifsetning.

Dreifsettar voru 220.900 plöntur, þar af aðeins 72.600 plöntur í ákvæðisvinnu. Fjórar stúlkur unnu við dreifsetninguna, sem hófst 1. júní og lauk 15. s. m.

Dreifsett voru 72.000 lerki 12. - 30. júlí. Var það lerki 1/0 sem var orðið svo stórt og stóð svo þétt að ekki þótti fært að láta það bíða lengur. Þetta er að vísu og stór tilraun, en um annað var varla að ræða og virtist takast betur með það sem síðar var dreifsett. Var þess vel gætt að dreifsetja aðeins í rigningu eða mjög skýjuðu veðri og haft mjög vakandi auga með hæfilegri vökvun.

Afhentar plöntur til dreifsetningar voru: 8.000 birki 2/0, 6.000 stafafurur 2/0 og 14.000 lerki 1/0 til Skógrf. Eyfriðinga, 3500 birki 2/0 til Norðtungu og 2.000 birki 2/0 til Laugabrekku, alls 33.500 plöntur.

d. Hreinsun.

Þrjár stúlkur unnu nú aðallega að hreinsun í gróðrarstöðinni, en jafnframt var unnið mikið að dreifsetningu í júlí.

Notað voru sömu lyf og áður gegn illgresinu og tókst sá þáttur með ágætum.

e. Umbúnaður.

Kostnaður við vetrarumbúnað varð nú um 7% af kostnaði við rekstur gróðrarstöðvarinnar, en var 4% 1970. Stafar þessi hækkun fyrst og fremt af því að meira var nú þakið með fjalldrapa og birkilími en áður og svo auðvitað hækkun vinnulaun.

f. Afhending.

Afhentar voru 108.725 plöntur, að verðmæti kr. 445.000.- (netto) og stóðst áætlun um afhendingu mjög nákvæmlega ef á heildina er litið, því gert var ráð fyrir að afhenda 108 þúsund plöntur.

Af plöntum til afhendingar 1972 má nefna: um 72 þúsund birki, 35 þúsund stafafurur, 8 þúsund bergfurur, 3 þúsund hvítgreni og 20 þúsund rauðgreni, alls um 138 þúsund plöntur.

g. Garðplöntur.

Seldar voru garð- og hnausplöntur úr skóginum fyrir tæplega 24 þúsund krónur. Mikil vöntun er á góðum garðplöntum hér nyrðra og þá alveg sérstaklega á stórum hnausplöntum.

h. Áburður.

Af tilbúnum áburði var notað:

50 kg kalksaltpétur,
140 - kalkammon,
100 - kalí brst. s.
80 - þrífosfat,
310 - 12-12-17-2.

Gerð var áburðar-tilraun með ýmsar tegundir áburðar og magn, 11. ágúst á dreifsett greni í gróðrarstöðinni. Verður nánar skýrt frá því síðar ef í ljós kemur einhver munur.

Ekið var um 35 tonnum af húsdýraáburði í teitina og auk þess um 10 tonnum af sverði vegna sánlinga í gróðurhús.

1. Annað.

Sunduliðun á kostnaði sýnir hækkan á rekstri gróðrarstöðvarinnar um 16% frá f. ári. Er það fyrst og fremst vegna þess að nú þó voru dreifsettar um 80 þúsund plöntum fleira en á sl. ári, auk launahækkunar.

Eftirtektarvert er þó að hreinsunin lækkar um 13%, en vetrarumbúnaður hækkar um 50% og hefur ástæðunni fyrir því þegar verið lýst.

Tekjur og gjöld gróðrarstöðvarinnar árið 1971.

	<u>Tekjur.</u>	<u>Gjöld.</u>
Seldar og afhentar plöntur	445.000.00	
Ráðskona.....		71.068.00
Sáningar.....		54.687.00
Dreifsetningar.....		126.716.00
Garðplöntur.....		13.578.00
Hirðing.....		26.791.00
Afhending.....		101.726.00
Illgresiseyðing.....		89.355.00
Vetrarumbúnaður.....		38.751.00
Smíðar.....		2.523.00
Jarðvinnsla.....		7.172.00
	<hr/>	<hr/>
Kr.	445.000.00	532.367.00

Engar verulegar skemmdir uðru á plöntum í gróðrarstöðinni, þó lítið eitt bæri á teppskemmdum á rauðgreni, dreifsettu.

Plast var nokkuð notað yfir sáningar, en þar þarf að hafa með því svo vakandi auga til þess að ekki ofhitni undir því, að slíkt krefst valins stafrækskrafts. Betur gafst mér að nota plastið yfir plöntur á öðru ári.

Tilraun var gerð með spratun með lyfinu Antisopp og Treónne, gegn myglu, þann 22. október og 1. nóvember.

Úðaðar voru plöntur 1/0 & 2/0, hvítgreni, blágreni, lerkí, bergfura og stafafura. Til samanburðar sleppt uðun á plöntum með vissu bili.

7. GRÓÐURSETNING.

a. Yfirlit, undirbúningur, áætlun.

Gróðursettar voru 18.975 plöntur, kostnaður á plöntu varð kr. 1.40.

Nú unnu 4 - 5 menn að gróðursetningunni.

Í Sigríðarstaðaskógi er nú tilb. um 1.5 ha til gróðursetningar og tæpur 1 ha. á Þórðarstöðum.

b. Plöntunartími og flatarmál.

Í Vaglaskógi var gróðursett 20. júní, í Sigríðarstaðaskógi 3. - 14. júní, í Þórðarstaðaskógi 11. - 18. s. m. og í Fellsskógi 19. - 25. júní.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Reitur</u>	<u>Plöntufj.</u>
Vaglaskógur	Hvítgreni	3/3	M. Pass	215	150
"	Stafafura	2/2	Fort St. J	215	325
"	"	2/2	Smithers	215	325
					<u>800</u>
Fellsskógur,	Rauðgreni	3/3	Snäsa		5.450
Sigríðarsts.	"	3/3	"		2.050
"	Hvítgreni	3/3	M. Pass		300
"	Stafafura	2/2	Smithers	680	4.600
"	"	2/2	"	679	1.000
					<u>7.950</u>
Þórðarst.sk.	Stafafura	2/2	Fort St. J.		4.775
					<u>18.975</u>
				<u>Alls.</u>	<u>18.975</u>

Í Vaglaskógi var nú litlu plantað, en gert ráð fyrir að gróðursetja stafafura, þar sem áður er búið að planta rauðgreni, þar sem nú er farið að taka það og selja sem jólatré.

Í Fellsskógi var rauðgrenið aðallega gróðursett í reit nr. 7, þar var því bætt inn í þar sem áður var búið að planta rauðgreni og gert er ráð fyrir að taka jólatré.

Í Sigríðarstaðaskógi var gróðursett í framhaldi af gróðursetningu síðasta árs, alveg vestur að girðingu.

Bil milli planta var 1.4 x 1.4 m.

d. Yfirlit yfir framkvæmdir Skógræktarfélags S.-Þingeyinga.

Í Fossselsskógi var gróðursett dagana 15. og 16. júní og svo aftur 12. - 17. ágúst en þá voru gróðursett 3.750 rauðgreni.

Tafla yfir tegundir, kvæmi og magn.

	<u>Tegundir.</u>	<u>Aldur.</u>	<u>Kvæmi.</u>	<u>Plöntufj.</u>
Fossselsskógur	Hvítgreni	3/3	M. Pass	400
"	Rauðgreni	3/3	Snäsa 608	4.950
"	Stafafura	2/2	Smithers 679	2.600
"	"	2/2	" 678	775
				<u>8.725</u>
Fellaskógur	Rauðgreni	3/3	Snäsa	<u>4.875</u>
Stafn	Stafafura	2/2	Smithers	<u>1.000</u>
Fjósatunga	Bergfura	2/2	Ht. Confl.	100
"	Stafafura	2/2	Smithers	100
"	Hvítgreni	3/3	M. Pass	100
				<u>300</u>
Botnsvatn og Húsav.	Birki	3/0	Hallormsst.	250
"	"	2/2	Bæjarst.	100
"	Hvítgreni	3/3	M. Pass	1.000
"	Bergfura	2/2	Ht. Confl.	250
"	Lerki,	2/2	Arkang.	50
"	Stafafura	2/2	Smithers	250
				<u>1.900</u>
Veiðih. Laxamýri	Bærki	2/0	Hallormsst.	<u>3.000</u>
			<u>Alls..</u>	<u>19.800</u>

Í Fossselsskógi var rauðgrenið gróðursett í framhaldi af gróðursetningu síðasta árs, hvítgreni notað til að skilja á milli.

Stafafuran var gróðursett norðan við lækinn hjá skálanum, ofan vegar.

Í Fossselsskógi voru grisjaðir um 0.7 ha. vegna gróðursetningar.

Kostnaður vegna framkvæmda í Fossselsskógi varð kr. 57.470.30, sem skiptist þannig:

Gróðursetning.....	102	vinnust.	kr. 15.042.40
Grisjuh v/ gróðursetn....	32	"	- 2.981.70
Viðhald girðingar.....	8	"	- 729.60
Laun ráðskonu.....	60	"	- 5.331.00
Hirðing, úðun, áburðargj.	329	"	" 33.385.60

Alls. 531 vinnust. kr. 57.470.30

Kostnaður við gróðursetningu á plöntu kr. 1.70.

Úðaðir voru ca. 4.0 ha. Vinnustundir við það voru um 50, kostnaður kr. 5.331.00, auk efniskostnaðar um kr. 2.050.00

Höggvið var ofan af og klippt frá plöntum í reitum nr. 3, 13, og 14.

Borið var á þar sem fyrirhugað var að taka jólatré, þ. e. a. s. neðan sunnan þakkjar, þar sem fryst var gróðursett.

Keyptar voru trjáplöntur fyrir kr. 42.804.00, þar af í Fossselsskóg fyrir kr. 36.819.00

Keypt Kratt-Kverk, lyf gegn birkiteinungi fyrir kr. 4.125.00, og var notaður um helmingur þess.

Þá var keypt ný keðjusög JOHU L 6, kaupverð kr. 19.681.00.

Þess má geta að Skógræktarfélag S.-Þing. hélt dansleik í Brúarlundi 24. júlí. Fékk félagið í sinn hlut kr. 58.848.20. Félagsmenn lögðu fram ókeypis vinnu við dansleikinn, 124 stundir, sem er metin á kr. 26.217.60. Þar af vinna skógarvarðar kr. 5.832.00

Skógræktarfélag S.-Þingeyinga tók að sér sölu á öllum jólatrjám í sýslunni, efnfremur á greinum. Seldist fyrir um kr. 83.000.00 og er ágóði áætlaður um kr. 36.000.00. Af þessu seldi skógræktarfélagið 87 jólatré úr Fossselsskógi fyrir kr. 21.690.00

Skógarvörður sá um sölu jólatrjáa og greina fyrir félagið, valdi jólatrén í Fossselsskógi, sá um samkomu í Vaglaskógi og allar framkvæmdir í Fossselsskógi, auk þess sem hann vann þar vikutíma við grisjun og umhirðu plantna.

Laun hefur skógarv. aldrei fengið fyrir störf sín í þágu félagsins, hvorki f. eftir- eða netuvinnu, nema lítilsháttar fyrir umsjón með samkomum.

8. HIRÐING.

A. Hirðing, grisjun, úðun og áburður.

Í Vaglaskógi var höggvið ofan af lerki írmitum nr. 214, 215, og 324 s. hl.

Borið var á rauðgreni í mæitum nr. 312 og 321.

Farið var um skóginn að venju og fjarlægð brotin og skemmd tré.

Í Sigríðarstaðaskógi fyrir gróðursetningu næsta árs um 1.5 ha.

Í Fellsskógi var haldið áfram að hreinsa frá plöntum eins og framast var unnt, og nú er að verða langt komið með að hreinsa frá plöntum í neðri hlutanum Yztafellsspildu S. r.

Í Þórðarstaðaskógi voru úðaðir um 3.5 ha. þar sem búið var að gróðursetja neðan vegar, sunnar beitarhúsatófta. Var notað Kratt-Kverk á birkiteinunginn. Þar liggur fyrir mikil vinna við að hreinsa frá plöntum.

Áburðargjöf var hafin að nýju bæði í Lautu- og Þórðarstaðaskógi á rauðgreni.

Í Ásbyrgi vann Sigurgeir Ísaksson með mesta móti við grisjun og hirðingu á birkiskóginum þar.

Kostnaður við hirðingu o.fl. varð kr. 27.830.00, en vinna Sigurgeirs er færð á útivistarsvæði.

Vafalaust hefði verið hægt að vinna miklu meira við umhirðu plantna, ef skógarhöggið hefði ekki orðið svo mikið.

9. VEGAGERÐ.

Vegaframkvæmdir voru engar. Vegagerð ríkisins sá um heflun vega að venju, alltof sjaldan. Önnur þurfa vantar í veginn suður skóginn og fékkst ekki úr bætt.

Rykbindiefni var borið á kafla vegarins, þar sem tjaldstaðin eru næst veginum. Var það til mikilla bóta, en varla var líft fyrir ryki í nánd við veginn áður. Vegagerðin lagði til efnið.

10. BYGGINGAR.

a. Nýbyggingar.

Stauraskýlið var nú lent um 5 metra, nýtt efni fengið í uppistöðum og máttarviði, en notað gamalt þakjárn. Er nú komið gott pláss fyrir staura og þainnvið líka.

b. Viðhald og endurbætur.

Á Vöglum I kviknaði í heyi í fjóshlöðu hjá bóndanum Ragnari Guðmundssyni.

Eyðilagðist þak fjóshlöðu ásamt hluta af þaki íbúðarhúss. Talsverðar skemmdir uðru á íbúðarhúsinu, aðallega af hlandi sem var notað við slökkvistarfið.

Brunatjónið var metið á röskar 400 þúsund krónur. Kostnaður við lagfæringar, sem ennþá er ekki að fullu lokið namu kr. 169 þúsund krónum.

Ennþá er eftir að lagfæra herbergi í norðurhluta hússins og mála allt húsið að utan.

Á Þórðarstöðum var bætt um einangrun í viðbyggingunni, bæði kjallara og á hæðinni, ennfreður sett einangrun á loft.

Gerðar voru smávægilegar endurbætur á öðrum fasteignum.

Fyrir liggur nú: Að setja nýja úttahurð á Þórðarstöðum og ljúka við að mála húsin utan, einnig á Vöglum I eins og áður getur. Starfsmannakústað þarf að mála innan, þ.e. a. s. eldhús gang, baðherbergi og lakka gólf sem óúklögð eru.

Í Ásbyrgi óskar ábúandinn eftir að lagfærð verði þar tvö herbergi sem ennþá hafa ekki verið yfirfarin.

II. VÉLAR OG VERKFERI.

a. Mótórvélar.

Dráttarvélin var notuð miklu meira en áður og þá sérstaklega vegna hins mikla skógarhöggs. Til þess að geta annað öllum aðkallandi verkefnum reynist óhjákvæmilegt annað en fá þeigða dráttarvél í lengri tíma.

Verður því vart fcestað miklu lengur að kaupa nýja vél. Reksturskostnaður dráttarvélarinnar varð kr. 9.632.00 olíur, kr. 17.071.000 varahlutir og kr. 4.385.00 viðgerðir, alls kr. 31.088.00.

Bífreiðin var notuð líkt og áður, frá apríl til áramóta, en nú bættist við flutningur á jólatrjáum og greinum.

Reksturskostnaður varð kr. 57.672.00, þ.e. varahlutir og viðgerðir kr. 24.360.00 og benzín og olíur kr. 34.312.00

b. Vélar og verkfæri.

Keöju-og kjarrsagir voru mikið notaðar og þá alveg sérstaklega þar fyrrnefndu vegna mikils skógarhöggs..

Fengnar voru 2 nýjar keöjusagir af gerðinni JÖBU L 6, fjárfesting sem örugglega hefur borgað sig á fyrsta ári, því fátt er hvítleiðara en vinna með lélegum tækjum sem alltaf eru að bila.

12. Ý M I S L E G T.

a. Ferðafólk.

Ferðafólk var með flesta móti í sumar. Umgengni fer hér sífellt batnandi og um verzlunarmannahelgina hefur hún aldrei verið betri. Ná það að vísu nokkuð þakka góðri samvinnu við þá sem samkomuna héldu og starfsmönnum stofnunarinnar sem unnu að hreinsuninni yfir helgina.

Unglingar frá Húsavík, 34 að tölu, unnu hér við hreinsun eftir samkomuna, tvo dagparta.

Sama er ekki hægt að segja um umgengni í Ásbyrgi, sem mér þykir ábótavant.

Borið var á tjaldstaði og samkomusvæði hér í skóginum og í Ásbyrgi, en þar eru tjaldstaðin víða að verða að flagi.

Ekki minkar þörfin fyrir snyrtingar og rennandi vatn á tjaldstaðin hér í skóginum, skal sérstaklega á það mynnt.

Að venju var hreinsað hér í skóginum tvisvar í viku.

Kostnaður við útivistarsvæði varð kr. 64.972.00, þar af í Ásbyrgi kr. 26.695.00

b. Gestir skógræktarinnar.

Hér komu þeir Sandberg í fylgd með Baldri Þorsteinssyni, Kalkkínen í fylgd skógræktarstjóra og Atrokin og Grave með Gunnari Finnbogasyni.

c. Fundahöld og eftirlitsferðir.

Skógarvörður sá um allar framkvæmdir í skóglendum skógræktar ríkisins og Skógræktarfélagi S.-Þingeyinga í Fosssels-skógi, leiðbeindi um staðarval, gróðursetningu og grisjun t. d. að Höfða og við Sandvatn í Mývatnssveit, Sellandi, Laxamýri, Fjósatungu og víðar.

d. Ýmislegt.

Skógræktarfélagi S.-Þingeyinga hélt dansleik í Brúarlundi 24. júlí og um verzlunarmannahelgina héldu sömu aðilar og áður samkomu hér í skóginum. Umgangni ~~var~~ ~~þá~~ var nú miklu betri en áður.

Í júlí hélt Héraðssamband N.-Þingeyinga samkomu í Ásbyrgi.

Sáð var grasfræi í um 6 ha. lands á Hálsmelum og sunnan Vagla og verður því haldið áfram. Bornir voru á 70 sk. af áburði.

Vonandi verður einnig hægt að hefjast henda í Belgsárlandi í vor.

Vöglum 15. febrúar 1972.

S. S. S.